

REGLUR
um breytingu á reglum nr. 490/2016,
um bindingu reiðufjár vegna nýs innstreymis erlends gjaldeyris.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. reglnanna:

Á eftir orðunum „innlánsstofnunum hér á landi“ í 2. tölul. kemur: sem bera 3,00% ársvexti eða hærri.

Á eftir orðunum „innstæður í innlendum gjaldeyri“ í 5. tölul. kemur: hjá innlánsstofnunum hér á landi og sem bera 3,00% ársvexti eða hærri.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. reglnanna:

Við bætist ný málsgrein sem verður 4. mgr., svohljóðandi:

Bindingarfjárhæð er laus til ráðstöfunar af bindingarreikningi að loknum bindingartíma skv. 1. mgr., í samræmi við ákvæði laga um gjaldeyrismál. Fjárhæð sem er laus til ráðstöfunar skv. 1. málsli. er ekki háð bindingarskyldu samkvæmt reglum þessum.

3. gr.

Samþykki ráðherra.

Reglur þessar hafa verið samþykktar af fjármála- og efnahagsráðherra og er samþykkið birt sem fylgiskjal með reglunum.

4. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í ákvæði til bráðabirgða III laga um gjaldeyrismál, nr. 87/1992, öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 15. júní 2016.

Seðlabanki Íslands,

Arnór Sighvatsson
aðstoðarseðlabankastjóri.

Ingibjörg Guðbjartsdóttir,
framkvæmdastjóri gjaldeyriseftirlits.

Fylgiskjal.

Samþykki ráðherra.

Með vísan til ákvæðis til bráðabirgða III laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 42/2016 hefur fjármála- og efnahagsráðherra samþykkt reglur Seðlabanka Íslands um breytingu á reglum nr. 490/2016 um bindingu reiðufjár vegna nýs innstreymis erlends gjaldeyris.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 15. júní 2016.

F. h. fjármála- og efnahagsráðherra,

Guðrún Þorleifsdóttir.

Guðmundur Kári Kárason.